Til Alþingis

Svæðisskipulagsnefnd Eyjafjarðar fjallaði á fundi sínum 18. apríl s.l. um fyrirliggjandi frumvarp um skipulag haf- og strandsvæða. Eftirfarandi var bókað undir dagskrárlið nr. 8:

„8. Frumvarp til laga v. skipulags haf- og strandsvæða, erindi frá AFE

Búið er að tala fyrir frumvarpinu á Alþingi.

Bókun nefndar:

*Svæðisskipulagsnefnd Eyjafjarðar vill að tryggt sé að öll sveitarfélög fái tækifæri til umsagna á frumvarpinu og vill árétta að gildissvið skipulags haf og strandsvæða samkvæmt frumvarpinu skarist ekki við skipulagssvæði sveitarfélaga á landi.*“

Hvað nefnda skörun varðar, snýr að ákvæði í 7. grein þar sem reiknað er með að skipulagið nái 30 metra á land upp frá stórstraumsflóðlínu. Þarna er umtalsverð skörun við skipulagsskyldu sveitarfélaga sem nær 115 m út fyrir stórstraumsfjöruborð.

Framangreindu er hér með komið á framfæri,
Virðingarfyllst,
Þröstur Friðfinnsson, formaður svæðisskipulagsnefndar Eyjafjarðar.

**Þröstur Friðfinnsson**
sveitarstjóri Grýtubakkahrepps
s. 414 5400 / 894 4650

throstur@grenivik.is